

Jónsmessunefnd

Teams

18. júní 2025

Mætt: Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir og Jón Björn Hákonarson.

Auk þess sátu fundinn Árni Sverrir Hafsteinsson frá innviðaráðuneytinu (liðir 1 og 2), Saga Guðmundsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (liðir 1-3), Ásgeir Runólfsson, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Jóna Guðný Eyjólfsdóttir frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu (liður 2), Þór Hauksson Reykdal frá mennta- og barnamálaráðuneytinu (liður 2), Alexandra Briem frá Reykjavíkurborg (liður 3) og Birna Íris Jónsdóttir frá Stafrænu Íslandi (liður 3).

1. Fjármál sveitarfélaga

Saga Guðmundsdóttir kynnti minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til nefndarinnar varðandi ársreikninga sveitarfélaga og niðurstöðu þeirra.

Umræða um fjárfestingarstig sveitarfélaga og innviðaskuld. Einnig rætt um fasteignamat og álagningu fasteignagjalda.

2. Staða fjármála í tengslum við málaflokk fatlaðs fólks

Samkomulag um börn með fjölþættan vanda: stöðumat, hvernig hefur tekist til, hvert stefnir.

Ásgeir Runólfsson, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Jóna Guðný Eyjólfsdóttir frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu fjölluðu um samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda og samkomulagi um breytta ábyrgðarskiptingu á uppbyggingu hjúkrunarheimila og settu í samhengi við áfangaskýrslu II og þjónustu við tiltekna hópa sem var ófjármögnuð. Farið yfir stöðu tillagna í áfangaskýrslu II.

Þór Hauksson Reykdal frá mennta- og barnamálaráðuneytinu kynnti stuttlega vinnu vegna framkvæmdar samkomulags um börn með fjölþættan vanda.

Umræður um tillögur framtíðarhóps um verkefni en hann hefur 200 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 2025 og 200 m.kr. á árinu 2026 til verkefna sem stuðla að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk til þess að auka gæði og hagkvæmni í þjónustu.

Jónsmessunefnd kallar eftir að tillögur framtíðarhóps verði bornar undir nefndina til samþykktar. Samþykkt að tillögurnar verði yfirfarnar og ræddar í smærri hópi Sambandsins, IRN og FRN og þær bornar undir Jónsmessunefnd í kjölfarið.

3. Stafræn þróun hins opinbera

Þórdís Sveinsdóttir kynnti sameiginlegt minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg til nefndarinnar um samþættingu stafrænnar vegferðar hins opinbera og yfirferð yfir stöðu mála.

Sambandið og Reykjavíkurborg leggja áherslu á að á meðan unnið er að varanlegri og sameiginlegri lausn um samþættingu stafrænnar vegferðar hins opinbera verði sveitarfélögum tryggður aðgangur að kjarnaþjónustum Stafræns Íslands og þeirri stoðþjónustu sem stendur ríkisstofnunum til boða.

Aðilar sammála um mikilvægi þess að þetta samstarfið í stafrænum málum hins opinbera og að mikil tækifæri séu til staðar til að gera betur, öll opinber þjónusta ætti að vera aðgengileg á einum stað Ísland.is og að miklu hagræði megi ná fram með skilvirkari gagnasamskiptum.

Stafrænt Ísland býður fram krafta sína til að leiða þessa vinnu að því gefnu að sveitarfélögin komi til leiks með þá fjármuni sem þarf til verksins líkt og fram kemur í minnisblaði Stafræns Íslands fyrir fjármála- og efnahagsráðherra 18. mars 2025 greining á þeim fjármunum sem þarf. (Minnisblaðið var afhent Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg þann 8. apríl sl., og er nú að finna á Teams svæði Jónsmessunefndar).

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að slík forysta verði að byggjast á jafnræði og sameiginlegri ábyrgð ríkis og sveitarfélaga – bæði hvað varðar ákvarðanatöku og fjármögnun. Stjórn Sambandsins hefur lýst áhyggjum sínum af þeirri framtíðarsýn sem birtist í minnisblaðinu, þar sem þau telja aðkomu sveitarstjórnarstigsins ekki tryggða með fullnægjandi hætti. Skýr samstaða ríkir meðal sveitarfélaga um að samþætting og samstarf þvert á stjórnsýslustig sé lykilforsenda árangurs – og að opinber þjónusta við íbúa eigi að vera aðgengileg á einum stað, í gegnum Ísland.is. (Stjórn Sambandsins bókaði framangreint á fundi sínum þann 27. maí sl. og er fundargerðina að finna á Teams svæði Jónsmessunefndar).

Reykjavíkurborg lýsir jafnframt yfir sínum samstarfsvilja.

Samþykkt að FJR, Sambandið og Reykjavíkurborg fundi um næstu skref.